

1. stjórnarfundur EBAK þriðjudaginn 2. apríl 2024 kl. 15:00

Mætt voru: Karl Erlendsson, Karl Guðmundsson, Sigurður Harðarson, Björn Snæbjörnsson, Þóra Hjaltadóttir, Margrét Marvinsdóttir, Guðný Fjóla Sigurðardóttir og Brynjólfur Ingvarsson.

Fjarverandi: Valgerður Jónsdóttir og Margrét Alfreðsdóttir

Formaður setti fund kl 15:00

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Verkaskipting stjórnar 2024 til 2025

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu:

Varaformaður..... Björn Snæbjörnsson
Gjaldkeri Karl Guðmundsson
Ritari Valgerður Jónsdóttir

Þessi þrjú, ásamt Karli Erlendssyni, sem kjörinn var formaður EBAK til 2ja ára á aðalfundi í mars 2023, skipa að venju framkvæmdaráð EBAK.

Meðstjórnarmenn ... Sigurður Harðarson, Þóra Hjaltadóttir og Guðný Fjóla Sigurðardóttir.

Varamenn (1) Margrét Marvinsdóttir, (2) Margrét Alfreðsdóttir, (3) Brynjólfur Ingvarsson.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þörf umræða varð um tilgang Framkvæmdaráðs og verður henni væntanlega haldið áfram í stefnumarkandi umræðuhópum, sem stendur til að gangsetja með haustinu.

2. Úrvinnsla aðalfundar EBAK 20. mars 2024

Formaður sagði fundargerð aðalfundar tilbúna og hún fer inn á ebak.is.

Aðalfundurinn gekk nokkuð vel og greitt fyrir sig og ekki þörf á frekari eftirfylgni.

Ályktun fundarins hefur vakið nokkra athygli og hefur verið dreift á fjölmiðla.

Björn Snæbjörnsson sendi hana líka á þingmenn kjördæmisins, sem formaður Kjaranefndar, en ekki hana komið mikil viðbrögð þaðan.

3. Fundir stjórnar – áætlun vorsins

Áætlaðir stjórnarfundur fram til sumarhlés voru ákveðnir þ. 16.04, 21.05. og 11.06 kl. 15:00 alla dagana.

4. Ráðningarmál starfsmanns

Formaður reifaði hugmyndir sínar um þennan lið og vék síðan af fundi.

BS - LG MSLN
BS - KRJ PBZM



Umraður, en síðan var ákveðið að fresta frekari umfjöllun til næsta stjórnarfundar þ. 16.04. Þannig að m.a. nýtt stjórnarfólk fengi betri tíma til að mynda sér skoðun.

Önnur mál

- A. Formaður kynnti stöðu húsnæðismála fyrir nýju stjórnarfólki og hugmyndir um viðbyggingu við Bugðusíðu 1, sem mundi hýsa ca. 300 fm. sérstæðan sal og rúma allt að 250 manns í sæti.
Nokkur ljón eru í veginum og m.a. eftir að ná samkomulagi við meðeigendur um hugmyndina.
Samþykkti stjórnin að formaður og framkvæmdaráð héldu áfram þessari vinnu.
- B. Formaður sagði líka frá stöðu verkefnis um tæknilæsi í samvinnu við Símey.
Um er að ræða námskeið með allt að 10 þáttakendum hvert og kostnaður hvers nemanda krónur 18.000,-
Hægt er að halda þau frá því nú í apríl og fram til 20. maí ef áhugi reynist fyrir þeim.
Samþykkti stjórn að kostnaðarbáttaka EBAK yrði, í tilraunaskyni, 30% eða kr. 5.400,- á hvern nemanda fyrir fyrstu 5 námskeiðin, eða allt að 50 manns.
Þeir, sem eiga rétt á styrk vegna námskeiðsins, frá sínu stéttarfélagi, munu ekki njóta 30% niðurgreiðslunnar frá EBAK.
- C. Formaður ítrekaði áður fram komnar upplýsingar um Landsfund LEB, en hann verður haldinn á Hótel Natura í Rvík þann 14. maí n.k. Þar á EBAK rétt á 10 þingfulltrúum.
Ekki hafa borist upplýsingar um hótelsamninga LEB en formaður mun fylgjast með framvindu málsins og þá panta 10 herbergi fyrir fulltrúa EBAK.
Stjórnarmönnum var bent á að skoða upplýsingar um Landsfund LEB á heimasíðu samtakanna <https://www.leb.is/125271-2/>

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16:40.

Fundargerð ritaði Sigurður Harðarson í fjarveru Valgerðar Jónsdóttur, ritara stjórnar.

—
Guðrún Ólafsson
Björn Ólafsson
Fjóla Ólafsson

Karl Elmer
Margrét Ólafsson
Björn
TG

